

**Vestfjarðagöng. Efnasamsetning vatns í
„fossi“**

Magnús Ólafsson

Greinargerð MÓ-95-01

VESTFJARÐAGÖNG Efnasamsetning vatns í "fossi"

Síðastliðið sumar, nánar tiltekið þann 10. júlí 1994, tók starfsmaður frá Orkustofnun sýni af vatni úr "fossinum" í Vestfjarðagöngum. Í sýni þessu hafa öll aðalefni verið efnagreind og auk þeirra kvikasilfur (Hg). Niðurstöður eru sýndar í töflu 1.

Tafla 1. Efnasamsetning vatns (mg/l)

Staður Dags. Númer	"Fossinn" 94-07-10 94-9085	"Fossinn" 93-10-22 93-9065	"Fossinn" 93-07-18 93-9041
Hiti (°C)	2,9	3,6	-
Sýrustig (pH/°C)	8,8/12,1	8,5/8,2	8,4/26
Aðalefni			
Kísil (SiO ₂)	13,8	14,0	13,5
Natríum (Na)	8,77	7,74	8,4
Kalíum (K)	0,77	0,72	0,81
Kalsíum (Ca)	2,55	2,44	2,48
Magnesium (Mg)	0,87	0,81	0,78
Karbonsat (CO ₂ (t))	6,3	9,5	9,6
Súlfat (SO ₄)	1,84	1,76	1,79
Brennist.vetni (H ₂ S)	<0,03	<0,03	<0,03
Klórfið (Cl)	11,9	11,3	11,5
Flúorfíð (F)	0,03	0,03	0,03
Uppleyst efni	46	41	46
Snefilefni			
Kvikasilfur (Hg)	<0,000005	-	-
Nítrat (NO ₃)	-	0,06	0,29
Krómi (Cr)	-	0,0002	-
Mangan (Mn)	-	<0,0001	-
Járn (Fe)	-	0,003	-
Kopar (Cu)	-	<0,0001	-
Sínk (Zn)	-	0,003	-
Arsen (As)	-	<0,001	-
Kadmíum (Cd)	-	<0,00005	-
Blý (Pb)	-	<0,0001	-
Nikkel (Ni)	-	<0,001	-

- : efni ekki greint

< : styrkur efnis minni en

Í töflu 1 eru einnig sýndar niðurstöður efnagreininga á tveimur sýnum, sem starfsmenn Orkustofnunar tóku á árinu 1993. Niðurstöður þeirra greininga hafa áður verið birtar í greinargerð Orkustofnunar (MÓ-93/01).

Mælingarnar sýna að hiti vatns í "fossinum" hefur lækkað úr 3,6°C í október 1993 í 2,9°C í júlí 1994. Reyndar er hér aðeins um tvær stakar mælingar að ræða og því erfitt að segja til um hversu áreiðanlegar þessar niðurstöður eru. Að öðru leyti er ekki að sjá að efnasamsetning vatnsins hafi breyst á marktækan hátt á umræddu tímabili. Styrkur kvikasilfurs (Hg) greindist innan við greiningarmörk mæliaðferðarinnar (0,000005 mg/l).

Vatnið í Vestfjarðagöngum er afskaplega efnasnautt og hið ákjósanlegasta neysluvatn miðað við þau gögn sem hér er greint frá.

Magnús Ólafsson